

Nd.

108. Nefndarálit

[31. mál]

um frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haldið allmarga fundi um málið. Hún hefur kynnt sér umsagnir þeirra leikfélaga og annarra, sem umsagnir hafa sent, rætt við formann undirbúningsnefndar og framkvæmdastjóra Bandalags isl. leikfélaga.

Nefndin flytur nokkrar breytingartillögur á sérstöku þingskjali, flestar í samráði við undirbúningsnefndina.

Nefndin telur vafalaust, að frv., ef að lögum verður, geti að mjög verulegu leyti orðið til að auka starfsemi áhugamanna um leiklist, sérstaklega í strjálbýlinu.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarsjóðum sé skylt að greiða jafnhá framlög í A-flokki eins og ríkið á að gera samkv. frv., en a. m. k. 50% í B- og C-flokkunum. Eru þar með tryggðar viðbótartekjur til leikstarfseminnar umfram það, sem ríkissjóður greiðir.

Breytingartillögur nefndarinnar miðast fyrst og fremst við tvö aðalatriði:

Í fyrsta lagi að stórauka áhuga leikfélaga á því að sýna barnaleikrit, en það telur nefndin mjög þýðingarmikið.

Í öðru lagi að auka áhuga á flutningi islenskra leikrita, bæði nýrra og eldri, með því að heimilt sé að styrkja þær sýningar sérstaklega.

Nefndin mælir síðan einróma með frumvarpinu, en SE og ÓskJ áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 23. nóv. 1964.

Pétur Pétursson,
form., frsm.

Gunnar Gíslason,
fundaskr.

Sigurvin Einarsson.

Einar Olgeirsson.

Davíð Ólafsson.

Óskar Jónsson.

Einar Ingimundarson.